

Mosfellsbær
Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri
Þverholt 2
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 28. mars 2022
Tilvísun: 202102043 / 3.4

Efni: Deiliskipulag Helgafellshverfi 5. áfangi, Mosfellsbær

Mosfellsbær hefur, með erindi dags. 21. febrúar 2022, sent Skipulagsstofnun ofangreint deiliskipulag til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 12. desember 2021. Deiliskipulagið var samþykkt með breytingum í bæjarstjórn, þann 21. janúar 2022. Engar athugasemdir bárust frá almenningi á kynningartímanum en umsagnir bárust frá opinberum umsagnaraðilum.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir uppbyggingu 5. áfanga Helgafellshverfis á um 8,5 ha svæði. Gert er ráð blandaðri byggð fjölbýlis-, rað-, par- og einbýlishúsa, samtals 151 íbúðir.

Samhliða var auglýst breyting á aðalskipulagi fyrir svæðið sem hefur tekið gildi.

Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 42. gr. þá ákvað Skipulagsstofnun að taka deiliskipulagið til nánari skoðunar og var sveitarsfélaginu tilkynnt um þá ákvörðun þann 3. mars s.l.

Deiliskipulagið er sett fram í greinargerð dags. 19. október 2021, með breytingu dags. 10. febrúar 2022, á deiliskipulagsupprætti (05-01) og skýringarupprætti (05-02) í mkv. 1:1.000 dags. 21. október 2021.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Beðist er velvirðingar á þeirri töf sem orðið hefur á afgreiðslu erindisins.

Sóley Ósk Sigurgeirsd.
Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir